



A ð F Ö N G

SAMFÉLAGSSKÝRSLA 2022

Undanfarin þrjú ár hafa verið ákaflega krefjandi í rekstri vöruhúsa, þar sem árin 2020 og 2021 einkenndust af Covid heimsfaraldrinum, sem varð þess valdandi að öll aðfangakeðja heimsins fór úr skorðum. Á einu augabragði varð margföld eftirspurn eftir ákveðnum vörum og vöruflokkum út um allan heim og hófst í framhaldinu krefjandi verkefni að viðhalda birgðum í takt við mikla eftirspurn. Á einu augabragði varð verð á vöru nánast aukaatriði, en framboð og birgðir aðalatriði.

Öflugt starfsfólk

Aðföng hefur ávallt búið að góðu og öflugu starfsfólki, sem hefur verið lykillinn að góðum rekstri mörg undanfarin ár. Sama hvar lítið er í fyrirtækinu, vöruhús, vinnslur, dreifingu, skrifstofur, alls staðar er öflugur hópur starfsfólks sem vinnur vel saman að því að klára daginn, eins og við gjarnan segjum. Fyrirtækið samanstendur af starfsfólki með góða reynslu, þekkingu og mismunandi sjónarmið. Í gegnum Covid og ástandið vegna stríðsins, hefur mætt mikið á starfsfólkinu og það hefur verið ótrúlega gaman að fylgjast með fólki alls staðar í fyrirtækinu, takast á við þær áskoranir og nota þá reynslu og þekkingu sem það býr yfir til að leysa hvert verkefnið á fætur öðru með glans. Aðföng leggur mikið upp úr því að tryggja öryggi starfsmanna í vinnu og er með öryggis- og vinnuverndarfulltrúa sem og mannauðsstjóra sem vinna að bættum aðbúnaði, öryggi og starfsmannamálum. Það verður aldrei kvikað frá öryggissjónarmiðum í rekstri Aðfanga, það skiptir okkur miklu máli að starfsfólk skili sér heilt heim úr vinnu. Aðföng mun leitast við næstu ár að innleiða sjálfvirkni í sína starfsemi, með því sjónarmiði að taka upp tækni sem getur unnið með fólki og við hliðina á fólki í öruggara starfsumhverfi.

Innrás Rússa í Úkraínu

Þegar við sáum fram á að framboð, eftirspurn og verð væri að færast í eðlilegra horf eftir Covid þá skall á stríð í lok febrúar 2022 með innrás Rússa í Úkraínu. Nær samdægurs fór aðfangakeðjan aftur á hvolf og skortur varð á matvöru og hráefnum til umbúða- og matvælaframleiðslu. Úkraína og Rússland eru mjög stór lönd í framleiðslu á orku og vörum eins og málm, áburði, korni, kjöti, eggjum og hráefni í matarolíu. Þar sem framboð frá þessum tveimur löndum nánast þurrkaðist út, þá jókst eftirspurnin eftir þessum flokkum frá öðrum löndum og verð á þeim hækkaði.

Rússland er stór orkusali til landa í Evrópu og afleiðingin af viðskiptabanni með orku frá Rússlandi leiddi af sér stórhækkað verð á orku í Evrópu sérstaklega, sem skilaði hærra framleiðsluverði á matvælum, hreinlætisvörum, snyrtivörum, gleri, málmum, pappír og plasti. Nánast öll hráefni sem notuð eru í framleiðslu á daglegum nauðsynjavörum hækkuðu strax á fyrstu vikum stríðsins og því miður er verðbólga mögulega komin til að vera í lengri tíma.

Evrópa hefur orðið sérstaklega illa fyrir barðinu á hækkandi verðlagi, þar sem orkuverð hefur hækkað margfalt og hafa mörg fyrirtæki einfaldlega lokað dyrunum og hætt framleiðslu, þar sem þau hafa ekki ráðið við svona hátt verðlag á orku í orkufrekri framleiðslu.



Lárus Óskarsson
Framkvæmdastjóri

Verðbólga

Þýskaland sem er þekkt fyrir mjög lága verðbólgu og mjög samkeppnishæft umhverfi á stórum markaði, hefur þurft að horfa upp á óðaverðbólgu undanfarin ár og ef horft er t.d. til síðustu tveggja ára, þá hefur verðlag á mat- og drykkjarvöru hækkað um 29% í Þýskalandi á meðan sama vísitala hefur hækkað um 19% á Íslandi og þykir mörgum nóg um. Verðlag á mat og drykk í Evrópusambandinu hefur hækkað um 28% á sama tíma. Það segir sig sjálft, að svona há verðbólga í okkar allra helstu viðskiptalöndum skilar sér í hærri verðbólgu hér á landi, þar sem við flytjum inn mikið af hráefnum og fullunnri vöru frá löndum Evrópusambandsins. Ef rýnt er vel í verðbólgu mælingar í mat og drykkjarvörum í okkar helstu viðskiptalöndum, þá er greinilega að hægja á hækkunum og vonandi innan fárra mánaða sjáum við stöðugra verðlag og að verðbólga í mat og drykk lækki þegar horft er á mælingar á milli ára.

Loftslagsbreytingar

Á síðustu árum hefur verið mikið fjallað um hlýnun jarðar, breytingar á loftslagi og afleiðingar þess á jörðina okkar og þar af leiðandi framleiðslu matvæla. Ef við skoðum hvernig veðurfyrirbæri eins og flóð, hitamet, frosthörkur og fellibyljir hafa áhrif á matvælavæði og lífsskilyrði fólks, þá lítur það í grófum dráttum svona út:

- Í Evrópu er hækkandi orkuverð helsta áskorunin, ásamt þurrkum og flóðum.
- Í Indlandi og víðar í Asíu hafa flóð veruleg áhrif á landbúnaðarframleiðslu.

- Í Afríku og Mið Austurlöndum hafa allir áhyggjur af hækkandi matvælavæði og að lífsskilyrði versni verulega í þessum löndum, svo sem matvælaþortur vegna þurrka.
- Í Suður Ameríku hafa fellibyljir og þurrkar haft víðtæk áhrif á ýmsar landbúnaðarvörur svo sem sykurl, hveiti, kaffi, korn, sojabauur og bómul.
- Í Norður Ameríku hafa þurrkar mikil áhrif á korn, hveiti og bómul.

Það er því sama hvert litið er, alls staðar eru sömu áhyggjur, loftslagsbreytingar sem hafa bein áhrif á matvælaframleiðslu, hungursneyð sem afleiðing af háu matvælavæði og fólksflótti og -flutningar. Talað er um að í náinni framtíð skipti það þjóðir öllu máli að hafa tryggt land, hreint vatn og sjálfbæra orku, til að geta framleitt til dæmis matvæli fyrir sína þjóð. Bæði hefur Covid og svo stríðið í Úkraínu kennt okkur það, að stjórnvöld í hverju landi hugsa fyrst og fremst um sína eigin þjóð, það er frumskylda hverra stjórnvalda. Það er því mikilvægt að Ísland komist á þann stað að geta séð sér fyrir nauðsynlegum matvælum, nauðsynlegri orku og hreinu vatni, til að tryggja góð lífsskilyrði á Íslandi. Við höfum mikið af ræktuðu og ræktanlegu landi, við höfum mikið af góðu vatni, við höfum næga sjálfbæra orku, við erum ein stærsta fiskveiðipjóð í heimi og við ættum að geta státað okkur af öflugum landbúnaði með hreinar og góðar vörur. En fyrir okkur sem þjóð sem býr á Norðurlöndum, er það mikilvægt að það takist að hemja loftslagsbreytingar, því annars mun það hafa varanleg áhrif á veðurfar á Íslandi, með bráðnun jökla, breytingum á fiskimiðum og versnandi lífsskilyrðum fyrir okkur sem búum á þessari fallegu eyju norður í hafi.

Stefnumótun í sjálfbærni

Í upphafi árs fór fyrirtækið í viðamikla vinnu með ráðgjafafyrirtækinu Ernst & Young í stefnumótun sjálfbærnimála. Út úr þeirri vinnu komu markmið og lykilmælikvarðar, sem leiddu að lokum til sjálfbærnistefnu Aðfanga. Við lítum á þetta sem fyrsta skrefið í langri vegferð í að gera Aðföng að betra fyrirtæki, þar sem við leitumst við að lágmarka úrgang og sóun, skapa heilbriggt starfsumhverfi, hafa góð áhrif á samfélagið og sýna ábyrga stjórnarhætti. Umhverfismál skipta alla máli, við eigum bara eina jörð og það er í okkar höndum að fara vel með hana. Hér á eftir verður rakið í stuttu máli það helsta, sem Aðföng stendur fyrir í samfélagsmálum.



Lárus Óskarsson
Framkvæmdastjóri

Aðföng er innkaupa- og dreifingarmiðstöð á smásölu- og stórnotendamarkaði og starfsemi fyrirtækisins felst í innkaupum, birgðahaldi og dreifingu fyrir verslanir Bónus, Hagkaups, Olís auk Stórkaups. Sögu fyrirtækisins má reka aftur til ársins 1993 þegar það hóf starfsemi í Suðurhrauni í Garðabæ. Haustið 1998 flutti fyrirtækið í Skútuvog 7 og hefur það þróað starfsemi sína þar fyrir þurrvörlager. Ferskar kjötvörur urðu hluti af Aðföngum árið 2020 en fyrirtækið er einn af stærstu kjötverkendum landsins og býður neytendum upp á það besta frá íslenskum bændum. Aðföng flytja einnig inn áfengi sem selt er í vinbúðum ÁTVR og er verkefninu stýrt undir hatti Vínfanga. Stærðarhagkvæmni er lykilstef í allri starfsemi Aðfanga og er nýjasta tækni nýtt við rekstur fyrirtækisins hvar sem því verður við komið.

Til þess að Aðföng geti sinnt sínu kjarnahlutverki, að tryggja íslenskum neytendum hágæða mat- og dagvöru, skiptir skilvirkur flutningur, gagnsæi í uppruna vöru og gæði öllu máli. Aðföng leggja metnað í að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar. Með hagkvæmum og umhverfisvænum lausnum geta Aðföng stuðlað að því að hráefnin séu í fremstu röð.

Hjá Aðföngum starfa að jafnaði um 150 manns en gott starfsfólk er lykillinn af góðum árangri og því leitast Aðföng við að vera eftirsóknarverður vinnustaður. Aðföng hefur einsett sér að vera heilsuefandi vinnustaður fyrir starfsfólk sitt og að sjá til þess að allir fái tækifæri til að vaxa og dafna í starfi.

Gildin okkar

Ábyrgð

Hver og einn ber ábyrgð á sínu viðhorfi og sínum árangri

Dugnaður

Vinnusemi og ósérhlífni skilar viðskiptavinum okkar verðmætum

Heiðarleiki

Við segjum sannleikann og drögum ekkert undan

Hreinskilni

Við liggjum ekki á skoðun okkar og rökstyðjum hana

Ekkert bruðl

Við berum virðingu fyrir þeim verðmætum sem okkur er treyst fyrir

Liðsheild

Samvinna stuðlar að betri heildarárangri, vinnum saman

Metnaður

Við leitum stöðugt að nýjum leiðum til að bæta störf okkar, fyrirtæki og umhverfi til að þjóna viðskiptavinum okkar betur



Sjálfbærni snýst um að sjá til þess að við sem nú lifum skiljum ekki við náttúruna á þann hátt að samfélagið beri skaða af og að komandi kynslóðir geti lifað jafngóðu eða betra lífi. Sjálfbærnistefna þessi er fyrirtækinu mikilvæg til að leggja sitt af mörkum til að svo megi verða.

Markmið og gildissvið

Markmið stefnunnar er að Aðföng sé með metnaðarfulla, skýra og aðgengilega stefnu í sjálfbærni til þess að innleiða í sína kjarnastarfsemi. Stefnan tekur til allrar starfsemi og starfstöðva Aðfanga.

Ábyrgðaraðilar stefnunnar og eignarhald

Framkvæmdastjórn Aðfanga samþykkir sjálfbærnistefnu fyrirtækisins og sér til þess að stefnan sé uppfærð á tveggja ára fresti. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að stefnan sé innleidd og fylgt innan félagsins. Árangur í sjálfbærnimálum er tekinn fyrir

árlega í samfélagsskýrslu Aðfanga og kynntur í ársuppgjöri Haga ár hvert. Birta skal stefnuna á vef Aðfanga.

Sjálfbærnumgjörð Aðfanga

Í upphafi árs fór fyrirtækið í samstarfi við systurfélag sitt Banana, í viðamikla vinnu með ráðgjafafyrirtækinu Ernst & Young sem fól í sér mikilvægisgreiningu UFS þátta fyrir bæði félögin. Í framhaldinu settu Aðföng upp heildstæðan ramma utan um umhverfispætti, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS) félagsins.

Mikilvægustu UFS viðfangsefnin eru skilgreind sem þau atriði sem hafa eða gætu haft mest áhrif á félagið og hagaðila þess. Skilgreindir voru hagaðilar fyrirtækisins með viðtölum og á vinnustofum með stjórnendum Aðfanga.

Sjálfbærniramminn byggist á mikilvægisgreiningu í samræmi við leiðbeiningar Global Reporting Initiative Standard (GRI) um

tvöfalda mikilvægisgreiningu. Sjá má ferlið við gerð sjálfbærnistefnu Aðfanga neðst á síðunni. Mikilvægi er skilgreint og ákvarðað út frá tveimur sjónarhornum:

Metið út frá hagaðilum

„Skilningur á framþróun, árangri og stöðu Aðfanga“ og „viðtækur skilningur á verðmætum fyrirtækisins.“

Ákvarðað út frá sjónarhorni stjórnenda Aðfanga.

„Forgangsraða viðfangsefnum sem endurspeglar mikilvægustu áhrif þess á efnahag, umhverfi og samfélag.“

Til þess að greina og forgangsraða UFS þáttum fyrir sjálfbærnistefnu voru hagaðilahópar valdir til þess að leggja mat á mikilvægi UFS þátta með stafrænni könnun. Þessir hagaðilahópar voru: stjórnendur Aðfanga, stjórnendateymi Haga, starfsfólk, viðskiptavinir og birgjar.

Tvöföld mikilvægisgreining Aðfanga (e. Double materiality analysis) til að finna helstu UFS áhrif tengd fyrirtækinu



Aðföng hefur sett sér lykilmælikvarða til ársins 2027 með skýrum undirmarkmiðum

Þegar sjálfbærniugjörð Aðfanga var fullmótuð, þá var hún aðlöguð að UFS viðmiðum Nasdaq sem skiptist eftirfarandi þrjá flokka:

Umhverfispættir

Snúast um að lágmarka áhrif á loftslag og önnur umhverfisáhrif í virðiskeðjunni.

Félagslegir þættir

Varpa ljósi á starfsfólk félaganna, birgja þeirra og viðskiptavini sem og þau jákvæðu samfélagslegu áhrif sem Aðföng geta stuðlað að.

Stjórnarhættir

Byggja á skýrum viðmiðum fyrir stjórnendur og starfsfólk félaganna og hvernig stefnum og ferlum er varða sjálfbærni skal fylgt eftir.

Umhverfispættir	Félagslegir þættir	Stjórnarhættir	
Lágmörkun úrgangs og sóunar	Heilbriggt starfsumhverfi	Áhrif á samfélag	Ábyrgir stjórnarhættir
Draga úr vöru- og matarsóun í virðiskeðjunni Draga úr úrgangi frá rekstri Losun gróðurhúsalofttegunda	Heilsa og öryggi á vinnustað Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað	Samfélagsleg áhrif vöruframboðs Auka heilbrigði og vellíðan	Siðferði og aðgerðir gegn spillingu Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga

Áhersla á fjögur heimsmarkmið



Markmið 3

Heilsa og vellíðan



Markmið 10

Aukinn jöfnuður



Markmið 12

Ábyrg neysla og framleiðsla



Markmið 13

Aðgerðir í loftslagsmálum

Stefnan tekur mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og er lögð sérstök áhersla á fjögur markmið; Heilsa og vellíðan, Aukinn jöfnuður, Ábyrg neysla og framleiðsla og Aðgerðir í loftslagsmálum.

Umhverfisþættir

Aðföng leggur megináherslu á að draga úr vöru- og matarsóun í virðisbættum sínum þar sem dregið verði úr að vörum og mat sé hent og þær heldur nýttar á einn eða annan hátt.

Aðföng ætlar sér að mæla heildarlosun gróðurhúsalofttegunda samkvæmt alþjóðlega viðurkenndri aðferðafræði Greenhouse Gas Protocol. Leitast verður við að lágmarka sorp frá rekstri Aðfanga með hringrásarhugsun, vali á nauðsynlegum umbúðum og flokkun á sorpi.

Aðföng ætlar að finna grunnkolefnisspor miðað við núverandi rekstur á beinni og óbeinni losun á umfangi 1 og 2 og í kjölfarið setja sér loftslagsstefnu og skýr markmið með tilliti til allra losunarþátta. Í kjölfarið mun önnur óbein losun vera kortlögð á umfangi 3.

Þegar Aðföng hefur fengið skýra yfirsýn á losun verður áætlun mótuð til að draga úr losun til 2027. Notast verður við ábyrgar mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu í samstarfi við aðila sem bjóða upp á vottaðar kolefniseiningar en leitast verður við að styðja við framleiðslu á íslenskum kolefniseiningum.

Félagslegir þættir

Aðföng sækist eftir góðu og fjölbreyttu starfsumhverfi þar sem áhersla er lögð á fjölbreytileika og jafnrétti á vinnustað. Með því skapast breiðari og fjölbreyttari þekking hjá félaginu þar sem allir fá jöfn tækifæri. Innan Aðfanga eru fordómar, áreitni og einelti ekki liðið.

Fyrirtækið leggur áherslu á að þróa heilsueflandi starfsumhverfi og er vellíðan á vinnustað mikilvægur partur af stefnu Aðfanga, þar sem er bæði hugað að heilsu og öryggi á vinnustað.

Fyrirtækið hefur einsett sér að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif með fræðslu til neytenda og vöruframboði með aukinni áherslu á sjálfbærar, vottaðar og heilsusamlegar vörur.

Stjórnarhættir

Aðföng tryggir að stjórnarhættir séu ávallt til fyrirmyndar og í samræmi við lög og reglur. Fyrirtækið tryggir gagnsæi í virðisbættju og að koma í veg fyrir hvers kyns spillingu með því að innleiða siðareglur fyrir starfsfólk, birgja og þjónustuaðila sem eru undirritaðar með reglubundnum hætti.

Gagna- og persónuverndarstefnur verða innleiddar og verkferlar til stuðnings.

Sjálfbærni og loftslagsmál verða innleidd sem fast viðfangsefni á fundum hjá stjórnendum. Fyrirtækið gefur árlega út samfélagsskýrslu sem miðlar markmiðum og lykilmælikvörðum Aðfanga.



A ð F Ö N G

UMHVERFIÐ

Fyrir söfnun gagna, úrvinnslu og miðlun upplýsinga sem tengjast sjálfbærnivægferð Aðfanga styðst fyrirtækið við stafræna lausn frá fyrirtækinu Klappir grænar lausnir hf. Þar fæst góð rauntímayfirsýn sem styður við markvissa ákvarðanatöku fyrir UFS þætti í rekstri fyrirtækisins.

Flokkun og endurvinnsla

Á síðustu árum höfum við unnið markvisst að því að auka flokkun á starfsstöðvum Aðfanga með það að markmiði að hámarka endurvinnslu- og endurnýtingarmöguleika hvers flokks hjá söfnunar- og úrgangsméðhöndlunaraðilum. Til að auðvelda starfsfólki úrvinnslu og flokkun er notast við merkingarkerfi FENÚR (www.fenur.is). Skipulag flokkunar má sjá töflunni hér til hliðar.



Mynd af FENÚR merkjum sem eiga við Aðföng

Skipulag flokkunar	
Frá eldhúsi og matsal	Matarleifar og kaffikorgur Plastumbúðir Pappír og pappi Gler Málumbúðir Skilagjaldsskyldar umbúðir Spilliefni (s.s. úðabrusar) Blandaður úrgangur
Frá skrifstofum	Matarleifar og kaffikorgur Plastumbúðir Pappír og pappi Trúnaðarskjöl Skilagjaldsskyldar umbúðir Rafhlöður Blandaður úrgangur
Frá vöruhúsum og kjötvinnslu	Bein og fita (umbreytt innanlands í áburð og eldsneyti) Strekifilma Bylgjupappi Timbur Spilliefni, þ.m.t. rafhlöður Málmar Skilagjaldsskyldar umbúðir Blandaður úrgangur

Samsetning efnavara í vöruvali Aðfanga, bæði hvað varðar eiginleika efna og stærðir umbúða hefur breyst þó nokkuð á síðustu misserum. Þetta kallar á aukna þekkingu starfsmanna sem og staðbundinn spillivarnabúnað. Einnig er mikilvægt að huga vel að þjálfun starfsmanna og gæði ferla til að tryggja rétt viðbragð ef óhapp með spilliefni á sér stað.

Starfsfólk fékk viðamikla kennslu á árinu við meðferð spilliefna. Einnig keypti Aðföng sérstakan spillivarnarbúnað en áður sáu

opinberir viðbragðsaðilar alfarið um verkefnið ef að óhöpp tengd efnavörum áttu sér stað. Aðföng vinnur að því að skipta út öllum sýrurafgeymum fyrir lithium- og gel-geyma í tækjum vöruhúsa fyrirtækisins og var því verkefni haldið áfram á árinu.

Upplýsingar um umhverfisþætti í rekstri Aðfanga eru skráðar í samstarfi við Klappir grænar lausnir hf. Þar má meðal annars sjá tölur yfir þróun meðhöndlunar á úrgangi.

Stóran hluta samdráttar í losun Aðfanga á síðustu fjórum árum má rekja til árangurs á sviði úrgangsmála en samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrarúrgangi nam 38,9 % á tímabilinu 2019 – 2022. Heildarþyngd úrgangs frá rekstri Aðfanga nam 404.347 kg, sem er 15,9 % lækkun frá grunnári. Þá lækkaði magn úrgangs til urðunar um 73,6 % á milli árána 2019 og 2022. Árið 2019 fóru 335.952 kg í urðun en 88.652 kg árið 2022. Flokkunarhlutfall Aðfanga var 81,8 % árið 2022, samanborið við 68,6 % árið 2019.

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2022	2021	2020
Samtals úrgangur	Kg	404.347	450.313	478.145
þar af flokkaður úrgangur	Kg	330.696	343.053	334.063
þar af óflokkaður úrgangur	Kg	73.651	107.260	144.082
þar af endurunninn	Kg	315.695	175.317	160.800
þar af úrgangi fargað	Kg	88.652	274.996	317.345
Flokkunarhlutfall úrgangs	%	81,8%	76,2%	69,9%
Endurvinnsluhlutfall	%	78,1%	38,9%	33,6%

Saman gegn minni plastnotkun og matarsóun

Í kjötvinnslu Aðfanga hafa á nýliðnum árum verið stigin marktæk skref til minni notkunar á plasti með vali á nýjum pökkunarvélum fyrir nautahakk, hamborgara og fleiri kjötafurðir. Pökkunaraðferðin hefur dregið úr plastnotkunin um allt að 70%. Þá hafa umbúðirnar og pökkunaraðferðin með góðri kælingu svo sýnt að ferskleiki matvælna helst betur og sóun (rýrnun) t.d. í vöruflokknum hakk og hamborgarar, hefur nánast horfið. Þá eru umbúðirnar þannig gerðar að með fáum handtökum má aðskilja tvo megin efnisþætti þeirra; plast og pappa. Á bakhlið umbúðanna er neytendum leiðbeint um hvernig megi flokka rétt og flokkunarmerki úr FENÚR-kerfinu notuð til auðkenningar.



Umhverfsvænni tækjakostur

Í vöruhúsum okkar eru í notkun 84 lyftarar af ýmsum stærðum og gerðum. Þeir hafa til langs tíma verið knúnir áfram af sýrurafgeymum, en með markvissum hætti höfum við skipt þeim út fyrir umhverfsvænni kosti. Við endurnýjun tækja koma gel-rafgeymar inn í kæli- og frystivörúhús og lithium-rafgeymar koma

inn við endurnýjun tækja í öðrum vörúhúsum. Í dag eru um helmingur lyftarakosts Aðfanga með gel- og/eða lithium-rafgeymum.

Orkuskipti

Í fyrsta sinn í sögu Aðfanga var á árinu 2022 vörum dreift til viðskiptavina á rafdrifinni sendibifreið. Að okkar mati er um merk tímamót er að ræða og þykir okkur spennandi sjá hvert framtíðin leiðir okkur á þessu sviði. Fyrir eru í rekstri hjá fyrirtækinu þrjár rafmagnsknúin fólkubílar og tveir tengiltvinnbílar.

Orkusamsetning	Eining	2022	2021	2020
Heildarorkunotkun	kWst	6.991.737	6.889.586	6.365.887
Jarðefnaeldsneyti	%	13,0%	13,4%	16,2%
Endurnýjanlegir orkugjafar	%	87,0%	86,6%	83,8%

Samstarfið við Klappir grænar lausnir hf. gerir okkur kleift að sjá heildarorkunotkun fyrirtækisins og samsetningu hennar.



Mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu

Síðustu ár hafa Aðföng gróðursett tré sem mótvægisáðgerð með kolefnisbindingu til að veða á móti losun gróðurhúsalofttegunda. Kolviður sá um gróðursetningu trjáa fyrir hönd fyrirtækisins fyrir árin 2019-2021.

Mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu fyrir árið 2022 koma til framkvæmda á árinu 2023 í gegnum Haga, móðurfélag Aðfanga. Hagar hafa fyrir hönd Aðfanga gert samning um kaup á vottuðum kolefniseiningum í bið sem jafngilda losun úr umfangi 1 og 2 á árinu 2022. Þessar vottuðu kolefniseiningar eru keyptar af Yggdrasil Carbon ehf. og hafa þær hlotið stranga gæðavottun skv. Skógarkolefnisstaðli Skógræktarinnar. Kolefniseiningarnar eru úr verkefnum Arnaldsstaðir, útgefnum árið 2022 og sem munu raungerast frá árinu 2032 til ársins 2072, en kolefniseiningar í bið verða nýttar til kolefnisjöfnunar þegar þær hafa raungerst.

Með þessu móti er vegið á móti þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem óhjákvæmilega verður í rekstrinum. Engu að síður verður markvisst haldið áfram að draga úr losun í rekstri hvar sem því verður við komið.

Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2022	2021	2020	2019
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO ₂ i	394,0	446,0	484,0	471,0
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ i	288,0	440,0	484,0	301,0
þar af staðfestar kolefniseiningar	tCO ₂ i	288,0			
þar af óstaðfestar mótvægisáðgerðir	tCO ₂ i		440,0	484,0	301,0
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO ₂ i	107,0	0,0	0,0	0,0



A ð F Ö N G

STARFSFÓLKID

Aðföng hefur ávallt búið að góðu og öflugum starfsfólki, sem hefur verið lykillinn að góðum rekstri mörg undanfarin ár. Sama hvar titið er í fyrirtækinu, vöruhús, vinnslur, dreifing, skrifstofur, alls staðar er öflugur hópur starfsmanna, sem vinna vel saman að því að klára daginn, eins og við gjarnan segjum. Í fyrirtækinu liggur í bland mikið af góðri reynslu, mikilli þekkingu og svo mismunandi sjónarmiðum.

Í gegnum Covid og ástandið vegna stríðsins í Úkraínu, hefur mætt mikið á starfsfólkinu og það hefur verið ótrúlega gaman að fylgjast með starfsfólki alls staðar í fyrirtækinu, takast á við þær áskoranir og nota þá reynslu og þekkingu sem það býr yfir, til að leysa hvert verkefnið á fætur öðru með glans.

Aðföng leggur mikið upp úr því að tryggja öryggi starfsmanna í vinnu og er með öryggis- og vinnuverndarfulltrúa, sem og mannauðsstjóra sem vinna að bættum aðbúnaði, öryggi og starfsmannamálum. Það verður aldrei kvikað frá öryggissjónarmiðum og þau verða alltaf látin ráða í rekstri Aðfanga, því það skiptir okkur miklu máli að starfsfólk skili sér heilt heim úr vinnu.

Aðföng mun leitast við það næstu ár, að innleiða sjálfvirkni í sína starfsemi, með því sjónarmiði að nýta tækni sem getur unnið með fólki og við hliðina á fólki og skapar öruggara starfsumhverfi.



Mannauður og menning

Aðföng hefur á að skipa fjölbreyttan og fjölpjóðlegan starfsmannahóp en hjá okkur kemur starfsfólk frá 12 mismunandi löndum og 3 heimsálfum. Gildi fyrirtækisins spila stóran sess í áherslum og stefnum mannauðsmála þar sem rík áhersla er lögð á jákvæða vinnustaðamenningu sem einkennist af trausti, virðingu og samvinnu.

Fræðsla og þjálfun

Lögð hefur verið áhersla á aukna upplýsingagjöf til starfsfólks og unnið er að nýju samskipta og fræðsluappi sem fer í loftið á næstu vikum. Móttaka nýliða og fóstura kerfi hefur verið sett á laggirnar með það að markmiði að auka öryggi og vellíðan nýs starfsfólks og tryggja viðeigandi utanumhald og þjálfun fyrir hvert starf. Allt starfsfólk Aðfanga fer í gegnum fræðslu og þjálfun í öryggismálum til að tryggja öryggi starfsfólks.

Starfsþróun

Við leggjum ríka áherslu á starfsþróun og eru fjölmörg dæmi þess hjá fyrirtækinu. Stefna fyrirtækisins tengd starfsþróun er að halda í dýrmæta reynslu og þekkingu og efla enn frekar.

Heilsa og vellíðan

Aðföng leggur mikið upp úr að heilsa, öryggi og vellíðan starfsfólks sé í fyrirrúmi og hefur vinnustaðurinn á að skipa einkar háum starfsaldri, sem við erum stolt af.

Púlsmælingar á starfsánægju eru framkvæmdar á tveggja mánaða fresti og er fyrirtækið einnig í samstarfi við Heilsuvernd. Heilsuvernd sinnir skráningum á veikindum starfsmanna ásamt stuðningi og ráðgjöf til starfsmanna þegar við á. Heilsuvernd sér einnig um árlegar bólusetningar og veitir reglulega heilsueflandi fræðslu.

Öryggi og vinnuvernd

Hjá Aðföngum viljum við að allir komi heilir heim og til að stuðla að því höfum við áhættumetið öll störf og starfsstöðvar fyrirtækisins. Handbækurnar Öryggis og heilbrigðisáætlun, Neyðaráætlun og þjálfun, Stefna og viðbragðsáætlun gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustöðum (EKKO) eru aðgengilegar öllum starfsmönnum.

Margs konar námskeið eru haldin sem tengjast öryggi á vinnustað. Reglulega eru námskeið um lagalega ábyrgð verkstjórnenda, skyndihjálp og endurlífgun, rýmingu húsnæðis og verklegar æfingar í notkun slökkvitækja, meðferð eiturefna, umgengni og notkun lyftara út frá öryggi þeirra sem vinna á þeim og annarra í nærumhverfinu.

Öll vinnuslys eru skráð og tilkynnt til Vinnueftirlitsins samkvæmt reglum sem um þau gilda hverju sinni. Atvikaskráning er viðhöfð sem er mikilvæg til að átta sig á hvar má gera betur, hvar veiki hlekkurinn er.



Markmið Aðfanga er að fyrirtækið sé skipað hæfu, duglegu, vel þjálfuðu og traustu starfsfólki sem tileinkar sér og stendur vörð um gildi Aðfanga.

Lögð er áhersla á:

- Að nýliðar fái þá þjálfun sem þarf til að takast á við starfið
- Að búa starfsfólki öruggan vinnustað og góðan aðbúnað
- Að starfsumhverfi sé hvetjandi og réttlátt
- Að samræma kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er
- Að stuðla að góðum starfsanda

Ráðningar og móttaka nýliða

Ráðningar starfsmanna byggja á hæfni og reynslu þess sem ráðinn er. Tekið er tillit til jafnréttissjónarmiða við ráðningar. Nýliðar skulu fá nægjanlega þjálfun til þess að takast á við starfið og lögð er áhersla á að starfsfólk geri sér fulla grein fyrir hlutverki sínu.

Öryggi og heilbrigði

Stjórnendum ber að tryggja að allur aðbúnaður, hollustuhættir og öryggi á vinnustað sé í samræmi við lög og reglugerðir á hverjum tíma. Starfsmönnum er að sama skapi gert að fara eftir þeim kröfum sem til þeirra eru gerðar hvað varðar öryggi og aðgát í starfi.

Starfsumhverfi

Lögð er áhersla á innri starfsþróun og að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri til að þróast í starfi. Hvers konar mismunun vegna kyns, kynhneigðar og uppruna er óheimil og einelti og kynferðisleg áreitni er ekki liðin hjá Aðföngum.

Fjölskylduábyrgð

Leitast er við að hafa gott vinnuskipulag varðandi frítíma og jafnvægi milli fjölskyldu og einkalífs.

Starfsandi og virðing

Við berum öll ábyrgð á góðum samskiptum, jákvæðni, virðingu og hrósi og ræðum það sem betur má fara. Við sýnum samstarfsfélögum og fyrirtækinu trúnað og förum eftir gildum Aðfanga.

Jafnlaunastefna Aðfanga er órjúfanlegur hluti af launastefnu Aðfanga og er ætlað að tryggja öllu starfsfólki sem starfar hjá fyrirtækinu jöfn tækifæri eins og kveðið er á um í lögum og stjórnarskrá um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Markmið stefnunnar er að stuðla að því að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri og koma í veg fyrir hvers konar mismunun.

Eftirfarandi jafnlaunamarkmið skulu höfð að leiðarljósi:

1. Aðföng er vinnustaður þar sem allir óháð kyni eiga jafna möguleika til starfa.
2. Að allir óháð kyni, njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
3. Aðföng er vinnustaður þar sem starfsfólk getur samræmt vinnu og einkalíf.
4. Aðföng gætir þess að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri til starfsþróunar, náms og fræðslu.
5. Aðföng líða ekki kynbundið ofbeldi, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni, einelti eða annað ofbeldi.

Aðföng hefur innleitt jafnlaunakerfi sem nær til alls starfsfólks til að framfylgja settum stefnumiðum. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á jafnlaunakerfinu og að þeim lagalegum kröfum og öðrum kröfum sem tengjast jafnlaunakerfinu sé framfylgt. Fjármálastjóri og mannauðsstjóri eru ábyrg fyrir innleiðingu og viðhaldi kerfisins í samræmi við jafnlaunastaðalinn ÍST 85.

Til að uppfylla skilyrði laganna og stefnunnar skuldbindur Aðföng sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfisins í samræmi við kröfur staðalsins og ákvarða hvernig kröfur hans verða uppfylltar.


Ákveðið verklag er viðhaft við launaákvæðanir innan fyrirtækisins sem hefur það að markmiði að tryggja heildaryfirsýn yfir laun, stöðugar umbætur á launakerfinu, eftirlit með kynbundnum launamun og viðbrögð sem felast í því að leiðrétta kynbundinn launamun tafarlaust komi hann í ljós.

Stjórn setur fram jafnlaunamarkmið og rýnir jafnlaunakerfið árlega. Jafnlaunamarkmið skulu endurskoðuð út frá niðurstöðum launagreiningar. Stjórnendur skulu einnig skuldbinda sig til að viðhalda stöðugum umbótum, eftirliti og bregðast við óútskýrðum launamun og þeim frávikum sem koma fram við rýni á jafnlaunakerfinu.

Aðföng hafa frá árinu 2019 fylgt jafnlaunakerfi sem nær til alls starfsfólks til að framfylgja settum stefnumiðum og höfum við hlotið jafnlaunavottun og uppfyllt skilyrði jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012, frá þeim tíma. Óútskýrður launamunur Aðfanga hefur ávallt verið undir viðmiðum og var árið 2022, 1,7% körlum í vil.

Jafnlaunavottun

Í lok febrúar 2019 hlaut Aðföng jafnlaunavottun og heimild Jafnréttisstofu til að nota jafnlaunamerki velferðarráðuneytisins. Það var BSI á Íslandi, sem sá um úttekt á jafnlaunakerfi Aðfanga og vottaði að jafnlaunakerfið uppfyllti öll skilyrði jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012. Jafnlaunakerfið nær til allra starfsmanna Aðfanga og byggir á skilgreindu verklagi til að tryggja að ákvarðanir um laun séu byggðar á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismunun.



JAFNLAUNAVOTTUN
2022-2025

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á launastefnu og jafnlaunastefnu Aðfanga. Launastefnan tekur til allra starfsmanna Aðfanga.

Aðföng greiðir laun sem taka mið af þeim kröfum sem starfið gerir um þekkingu, hæfni og ábyrgð. Almennar launahækkanir fara eftir kjarasamningum VR, Eflingar, Matvís og Brú – félags stjórnenda við Samtök atvinnulífsins.

Fjármálastjóri í samráði við framkvæmdastjóra ber formlega ábyrgð á öllum launatengdum ákvörðunum og gætir þess að samræmis sé gætt við alla ákvörðunartöku og tryggir að sömu laun séu greidd fyrir sambærileg eða jafnverðmæt störf.

Launaákvæðanir skulu byggðar á málefnalegum forsendum í samræmi við fyrirliggjandi starfslýsingar þar sem fram koma þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfs.

Tryggja skal öllum jafna möguleika til starfa, ábyrgðar, launa, stöðuhækkana, endurmenntunar og starfsþjálfunar.





A ð F Ö N G

SAMFÉLAGIÐ

Stuðningur við nýsköpun

Uppsprettan er nýsköpunarsjóður á vegum Haga en öll dótturfélögin taka þátt í starfi sjóðsins. Tilgangurinn er að styðja frumkvöðla til nýsköpunar og þróunar í íslenski matvælaframleiðslu. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á stuðning við frumkvöðlaverkefni sem að taka tillit til sjálfbærni við framleiðslu, flutning og þökkun og styðja við innlenda framleiðslu. Tólf sprotaverkefni fengu nýsköpunarstyrk Uppsrettunnar árið 2022 að heildarverðmæti 16 milljón króna.

Styrkhafar Uppsrettunnar 2022

- **Hops** er ný tegund áfengislausra drykkja.
- **Smjer** er allt sem þú þarft í einu smjörstykki til þess að gera dýrindis sósu á örskammri stundu.
- **Baða** framleiðir íslenskar sápur úr íslenskum hráefnum. Meðal annars úr afgangi grænmeti og ávöxtum.
- **Svepparíkið** vinnur að þróun og ræktun á sælkeramatsveppum úr lífrænum úrgangi frá matvælaíðnaði.
- **Sifmar** er sprotafyrirtæki sem að vinnur að framleiðslu á hollum íslenskum barnamat.
- **Úr sveitinni** vinnur að ræktun á gulrætum í öllum regnbogans litum.
- **Máltíð á mettíma** er vörulína frostþurrkaðra rétta.
- **Bökum saman** er fjölskyldufyrirtæki sem að auðveldar fjölskyldum að skapa saman gæðastundir við bakstur.
- **Krispa fiskisnakk** eru kryddaðar snakkflögur sem innihalda íslensk hráefni og þurrkaðan íslenskan fisk.
- **Mijita** er sprotafyrirtæki sem að framleiðir matvæli byggð á Kólumbískri matargerð.
- **Anna Marta** framleiðir heilsuvörur úr íslenskum hráefnum.
- **Ella Stína** er sprotafyrirtæki sem að framleiðir eingöngu vörur úr hráefni úr plönturíkinu.

Starfsfólk Aðfanga deilir reynslu til frumkvöðla

Uppsprettan veitir frumkvöðlum ekki bara fjárhagslegan styrk til nýsköpunarverkefna heldur búa fyrirtæki Haga yfir mikilli reynslu og þekkingu í verslun, innflutningi og framleiðslu á matvælum. Starfsfólk Aðfanga hafa veitt fjölda verkefna sem hlotið hafa styrk frá Uppsrettunni ýmiskonar ráðgjöf í tengslum við framleiðslu, dreifingu og sölu. Slagorð Uppsrettunnar er “Virkjum kraftinn og gerum það saman.” Það er okkar hugsjón að kraftur frumkvöðla með stuðningi og þekkingu starfsfólks Haga leiði af sér nýjar hugmyndir sem að stuðli að grósku í sjálfbærari framleiðslu í matvælaíðnaði landsmönnum öllum til góða.



Lágt vöruverð og aukin gæði

Smæð íslenska markaðarins gerir það oft að verkum að ekki er möguleiki að láta sérframleiða fyrir verslanir Haga heilu vörulínurnar. Í slíkum tilfellum hafa Aðföng náð góðum samstarfssamningum þar sem að Hagar fá leyfi til að gera vörumerkið að sínu. Þetta eru iðulega vörumerki sem að hafa sterka stöðu á öðrum mörkuðum. Euro Shopper er stærsta vörumerkið í þessum flokki og er með fjölbreyttar gæðavörur á lágu verði og hefur vörumerkið verið um árabíl eitt vinsælasta vörumerkið í verslunum Bónus.

Euro Shopper er vinsælt lágverðs vörumerki. Merkið var fyrst markaðsett árið 1996 hjá Albert Hejn, einum af stærstu smásölum Evrópu. Merkið öðlaðist þegar miklar vinsældir og innan fárra ára breiddist það út til nokkurra annarra landa í Evrópu, en Hollands. Árið 2005 gerði Aðföng samning um dreifingu á Euro Shopper vörunum á Íslandi, í verslunum Bónus og Hagkaups. Í dag, 18 árum síðar, þá er Euro Shopper eitt stærsta vörumerkið í mat-, drykkjar- og hreinlætisvörum á Íslandi, með vel yfir 10 milljón einingar seldar árið 2022. Það er því ljóst að vörumerkið, hvort sem er litið til verðs eða gæða, fellur vel að smekk okkar. Í dag samanstendur vörumerkið af hátt í 200 vörunúmerum, sem spanna alla helstu vöruflokka í Bónus og Hagkaup.

Euro Shopper vörumerkið er auðvelt að þekkja, það einkennist af kringlóttu vörumerki, með innkaupakörfu í miðju og hönnun allra vara fer eftir ströngum hönnunarskilyrðum, þannig að viðskiptavinur á auðvelt með að koma auga á vöruna, sama hvar í

búðinni hún er staðsett. Varan er alltaf mjög auðþekkjaleg. Euro Shopper vörurnar eru ódýrustu vörurnar í sínum vöruflokki í Bónus og Hagkaup. Það er ekki af því að það er slegið af kröfum um gæði, heldur vegna þess að innkaupakraftur nokkurra af stærstu verslunarkeðja í Evrópu, er nýttur til að ná fram lægra verði, í krafti stórra magnsamninga.

Eigandi vörumerkisins er AMS-Sourching B.V. í Hollandi, sem er alþjóðlegt innkaupasamband 10 verslunarkeðja, sem allar starfa á helstu mörkuðum Evrópu, og með því að slá saman magni þessara helstu verslunarkeðja sem eru meðlimir í AMS innkaupasambandinu, næst mikill innkaupakraftur, sem aftur skilar sér í lægra verði til neytenda og öruggara framboði, með föstum magnsamningum til eins árs í senn.

Ferskt íslenskt ungnautakjöt

Íslandsnaut, stolt kjötmeistarans, er annað tveggja megin vörumerkja kjötvinnslu Aðfanga. Íslandslamb er hitt en bæði vörumerkin eiga það sameiginlegt að eingöngu eru afurðir frá íslenskum bændum seldar undir þeirra hatti. Það var seinni hluta árs 2003 sem Íslandsnauts vörumerkið kom fram á sjónarsviðið og stendur það nú á tvítugsafmælisárinu styrkum fótum sem samnefnari fyrir fyrsta flokks íslenskt ungnautakjöt. Það er heiður fyrir okkur í Aðföngum að geta boðið löndum okkar allan ársins hring ferskt íslenskt ungnautakjöt beint frá bónda undir vörumerki Íslandsnauts. Við bjóðum uppá Íslandsnauts ungnautahakk, Smash style hamborgara, ungnauta-fillet og ungnautalundur svo eitthvað sé nefnt.





Himneskt

Vörumerkið Himneskt var stofnað árið 2008 og var vörulínan ein af fyrstu íslensku vörulínunum sem bauð upp á fjölbreytt úrval af lífrænt ræktuðu hráefni á hagstæðu verði fyrir neytendur. Frá upphafi hefur verið haft að leiðarljósi að auka aðgengi almennings að matvöru úr lífrænni ræktun og sérstök áhersla lögð á að halda verði sanngjörnu. Fleiri hafa fylgt í kjölfarið og hefur úrval lífrænnar vöru í stórmörkuðum aukist til muna og aðgengi almennings með tímanum orðið betra.

Allar lífrænt ræktaðar vörur í Himneskt vörulínunni eru merktar með vottunarkerki Túns og Evrópulaufinu. Vottunin er staðfesting á því að framleiðslan fari fram samkvæmt gildandi löggjöf um lífræna framleiðslu og að starfsemin sé undir reglubundnu eftirliti.

Aðföng leitast við að versla beint við framleiðendur þegar það er mögulegt og þannig er neytendum gert kleift að nálgast hágæða vöru á hagstæðu verði. Dæmi um framúrskarandi vöru sem versluð er beint frá býli er hörfraelían frá sveitabænum Nyborggaard á Jótland.

Undir merkjum Himneskt eru einnig hágæða vörur frá Ítalíu. Þar á meðal eru sykurlausar tómavörur, kaldpressuð jómfrúar ólífuolía sem er sérvalin frá sveitum Ítalíu og pasta úr heilmöluðu korni. Ítalska pastað er framleitt í Marche, en um langan aldur hafa akrarnir umhverfis Montebello klaustrið í Marche á Ítalíu verið ræktaðir án notkunar

tilbúins áburðar og varnarefna. Pastahefðin á þessu svæði byggir á korninu frá ökrunum og vinnsluaðferðunum. Þessi arfleifð er grunnurinn að því pasta sem er fánlegt undir merkjum Himneskt. Þetta pasta er hægburrkað, sem fullkomnar bragð og áferð þess og viðheldur næringargildi hráefnisins eins og best verður á kosið.

Í vörulínu Himneskt er fjölbreytt úrval af lífrænni matvöru úr jurtaríkinu, þar á meðal heilkornavörum, baunum, linsum, hnetum og fræjum, sem eru matvæli sem Embætti landlæknis ráðleggur almenningi að auka neyslu á. Í opinberum ráðleggingum um mataræði kemur fram að aukin neysla á trefjaríkri fæðu úr jurtaríkinu muni veita flestum Íslendingum heilsufarslegan ávinning, slík fæða tengist minni líkum á algengum sjúkdómum, svo sem sykursýki af tegund 2, hjarta- og æðasjúkdómum, krabbameini í ristli og þyngdaraukningu.

Aðföng halda úti uppskriftavefnum www.himneskt.is sem er opin öllum. Þar er áhersla lögð á að deila uppskriftum þar sem grænmeti og trefjaríkt hráefni úr jurtaríkinu eru í forgrunni. Með þessu vilja Aðföng leggja sitt af mörkum til að auðvelda almenningi að fylgja lýðheilsuáhrifum, bæði fyrir heilsufarslegan ávinning og umhverfisvernd. Framleiðsla á afurðum úr jurtaríkinu losar minna af gróðurhúsalofttegundum og í opinberum ráðleggingum er nú lögð áhersla á að auka hlut jurtaafurða í mataræði landsmanna.

Um lífræna ræktun

Einkunnarorð lífræns landbúnaðar eru heilbrigði, vistkerfi, sanngirni og umhyggja, samkvæmt Alþjóðasamtökum lífræna landbúnaðarhreyfinga (IFOAM).

Markmið lífrænnar framleiðslu er að rækta matvæli í sátt við umhverfið á hátt sem styður við heilbrigði manna og vistkerfa og verndar og eykur líffræðilega fjölbreytni jarðvegs. Skiptiræktun, búfjáraður, safnhaugamold og náttúrulegar varnir gegn skaðvöldum eru aðferðir sem notaðar eru í lífrænni ræktun, í staðinn fyrir tilbúinn áburð og skordýræitur. Hlutverk lífræns landbúnaðar er að viðhalda heilbrigði vistkerfisins og allra lífvera, bæði í ræktun, framleiðslu, dreifingu og neyslu. Einnig að gæta að sanngirni og umhyggju gagnvart öllum sem að málinu koma, frá smæstu lífverum í jarðvegi, bændum, verkamönnum og allri framleiðslu- og dreifingarkeðjunni allt til neytenda. Tilgangurinn er að framleiða næringarrík matvæli í hæsta gæðaflokki, í hæfilegu magni, með umhverfisvernd og heilbrigði að leiðarljósi.


Höfræolía beint frá býli í Nyborggård

Þegar við hjá Aðföngum vorum að byrja að versla höfræolíu fyrir Himneskt af fjölskyldunni á Nyborggård gátum við ekki pantað meira en 2 bretti í einu. Þetta var vegna þess að þau keyrðu flöskurnar sjálf að bryggjunni í litla sendibílnum sínum og það komust bara 2 bretti fyrir í honum.

Søren ólst upp á Nyborggård og tók virkan þátt í vinnunni á bænum í æsku. Foreldrar hans, bændurnir Johannes og Korna, skiptu yfir í lífræna ræktun árið 1999 og hófu ræktun á höfræjum til framleiðslu á kaldpressaðri höfræolíu nokkrum árum síðar, en sú hugmynd fæddist þegar Korna lagði stund á nám í næringarfræði. Árið 2016 tók Søren síðan alfarið við búinu og heldur þessari fallegu fjölskylduhefð áfram.

Søren leggur mikið upp úr því að fylgja vörunni alla leið "fra jord til bord" til að halda gæðunum sem mestum. Hann kaldpressar fræin við bestu aðstæður í endurbýggðri hlöðunni, þar sem olían er vernduð fyrir sólarljósi og súrefni í öllu ferlinu. Olíunni er strax tappað á dökkan glerflöskur sem verndar hana frá skaða sólarljóss, og flöskurnar settar í pappaöskju. Flöskurnar fara síðan beint í kæli og er kæliferlið óslitið allt þar til varan er komin í hendur neytenda. Með þessari vinnsluaðferð haldast gæðin sem best og til verður bragðgóð olía af háum gæðum. Höfræolían frá Nyborggård er seld í heilsubúðum í Danmörku og svo á Íslandi undir merkjum Himneskt.

Höfræolían er rík af omega-3 fitusýrum (um 61%). Í olíunni finnast einnig omega-6 (um 13%) og omega-9 (um 15%) fitusýrur.



Beint frá býli eða "fra jord til bord"

Stuðningur við starf Samhjalpar

Aðföng hefur um langt skeið stutt við starfsemi Samhjalpar með matargjöfum. Samstarfið byggir á því að Aðföng taka til hliðar matvæli, sem eru að falla á stimpli eða bera útlitsgalla á ytri umbúðum, en eru heilnæm og næringarrík. Vikulegar sendingar fara til kaffistofu Samhjalpar, þar sem þau sem eru í neyð og hafa ekki tök á að sjá sér fyrir mat sjálf fá næringu og félagsskap.

Allt frá árinu 1981 hefur Samhjalp mætt stigvaxandi þörf á kaffistofunni sinni og er það sannur heiður fyrir Aðföng að geta stutt við starfsemina með þessum hætti. Samstarf Aðfanga og Samhjalpar er eitt af nokkrum verkefnum fyrirtækisins í viðleitni þess til að lágmarka sóun.

Á hverjum degi gefur Samhjalp um 350 máltíðir til þeirra sem þurfa. Til Samhjalpar leitar umkomulaust og fátækt fólk, ýmist vegna andlegra eða líkamlegra veikinda eða félagslegrar einangrunar. Öll eiga þau það sameiginlegt að búa við mjög erfiðar félagslegar aðstæður. Samhjalp veitir þessum einstaklingum morgunmat og heita máltíð í hádeginu. Um hátíðir eins og jól og páska veitir Samhjalp hátíðarmáltíðir.



Stuðningur við nautgripabændur

Frá árinu 2011 hafa Aðföng og áður Ferskar kjötvörur átt í farsælu samstarfi við nautgripabændur víðs vegar af landinu um kaup á nautgripum með fallþunga yfir 250 kg gegn 10% álagsgreiðslu á verð sláturleyfishafa. Hugmyndafræðin að baki samstarfsverkefninu er fyrst og fremst að hvetja bændur til ræktunarstarfs og að skila frá sér stærri og vöðvafylltari gripum. Kjötvinnsla Aðfanga getur þannig á móti boðið neytendum enn betra íslenskt nautakjöt og flottari steikur. Stígandi hefur verið í verkefninu og eru í dag 47 bændur sem senda kjöt af gripum sem uppfylla fallþungamörkin til kjötvinnslu Aðfanga. Það er mat rekstrarstjóra kjötvinnsunnar að þessi nálgun og virkt samtal við bændur hafi bætt hag og rekstrargrundvöll beggja aðila.





A Æ F Ö N G

AÆFÖNG OG HEIMSMARKMIÐIN

Árið 2000 settu Sameinuðu þjóðirnar fram Þúsaldarmarkmið til ársins 2015 sem sneru fyrst og fremst að þróunarríkjunum. Mikill árangur náðist og því var ákveðið að setja ný markmið til ársins 2030 og ná þau til allra ríkja heims.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru svo samþykkt árið 2015. Þau eru 17 talsins með 169 undirmarkmið og ná bæði til alþjóðasamstarfs og innanríkismála. Þau eru samtengd og órjúfanleg og er þeim ætlað að mynda jafnvægi milli umhverfislegra, efnahagslegra og félagslegra þátta og leiða þannig til sjálfbærrar þróunar. Markmiðin eru algild, sem merkir að aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa skuldbundið sig til að innleiða þau bæði innanlands og með alþjóðasamstarfi.

Aðföng og heimsmarkmiðin

Heimsmarkmiðin eru margþætt og metnaðarfull. Þau krefjast þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila til að markmið um sjálfbærni náist fyrir 2030.

Við höfum forgangsraðað fjórum heimsmarkmiðum út frá stefnumiðjum Aðfanga. Þau tengjast kjarnastarfsemi okkar, starfsemi móðurfélagsins og forgangsmarkmiðum ríkisstjórnarinnar.

Markmiðin okkar



Markmið 3

Heilsa og vellíðan



Markmið 10

Aukinn jöfnuður



Markmið 12

Ábyrg neysla og framleiðsla



Markmið 13

Aðgerðir í loftslagsmálum



Sjálfbærnistefna Aðfanga tekur mið af UFS viðmiðum Nasdaq og skiptist í:

Umhverfisþættir

Snúast um að lágmarka áhrif á loftslag og önnur umhverfisáhrif í virðisæðjunni

Félagslegir þættir

Varpa ljósi á starfsfólk félaganna, birgja þeirra og viðskiptavini sem og þau jákvæðu samfélagslegu áhrif sem Aðföng geta stuðlað að

Stjórnarhættir

Byggja á skýrum viðmiðum fyrir stjórnendur og starfsfólk félaganna og hvernig stefnum og ferlum er varða sjálfbærni skal fylgt eftir

Stefnan tekur mið af Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og er lögð sérstök áhersla á fjögur markmið; Heilsa og vellíðan, Aukinn jöfnuður, Ábyrg neysla og framleiðsla og Aðgerðir í loftslagsmálum.

Aðföng hefur sett sér lykilmælikvarða til ársins 2027 með skýrum undirmarkmiðum

Umhverfisþættir	Félagslegir þættir	Stjórnarhættir
Lágmörkun úrgangs og sóunar	Heilbriggt starfsumhverfi	Ábyrgir stjórnarhættir
Draga úr vöru- og matarsóun í virðisæðjunni Draga úr úrgangi frá rekstri Losun gróðurhúsalofttegunda	Heilsa og öryggi á vinnustað Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað	Samfélagsleg áhrif vöruframboðs Auka heilbrigði og vellíðan
		Siðferði og aðgerðir gegn spillingu Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga



Við styðjum við **heimsmarkmið 3** um heilsu og vellíðan á eftirfarandi hátt:

Félagslegir þættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
1 Heilsa og öryggi á vinnustað	
1.1 Aðstaða starfsmanna sé örugg og standist úttektir	Öryggishandbækur endurskoðaðar Áhættumat endurskoðað Úttekt á vinnuumhverfi og öryggismálum Atvikaskráning
1.2 Lágmarka líkur á slysum á vinnustað	Nýliðafræðsla Endurmenntun í öryggismálum Slysaskráning rýnd af stjórnendum
1.3 Heilsueflandi vinnustaður	Heilsueflandi fræðsla í samstarfi við heilbrigðisþjónustu (Heilsuvernd) Heilsufarsskoðanir, niðurstöður sem snúa að vinnuumhverfi rýndar til gagns Sjúkraþjálfari sem leiðbeinir starfsmönnum með rétta líkamsstöðu við sín störf Þjóða upp á flensuspauptu Heilsueflandi styrkur fyrir starfsfólk sem hefur starfað a.m.k. 3 mánuði Tvær meðferðir í velferðarþjónustu Heilsuverndar (5 skipti per meðferð)
2 Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað	
2.1 Kynferðisleg áreitni, einelti og fordómar eru ekki liðin	Fræðsla sem hluti af endurmenntun og nýliðaþjálfun Stjórnendur kynna stefnuna fyrir starfsmönnum Nafnlaust tilkynningarferli
2.2 Mannauðsstefna sem stuðlar að heilsusamlegri og jákvæðri vinnustaðamenningu	Mannauðsstefna endurskoðuð m.t.t. fjölbreytni á vinnustaðnum
2.4 Byggja upp fjölbreyttan vinnustað þar sem er pláss fyrir alla	Uppfærum "Landakort Aðfanga" Fræðsla um menningarheima (cultural awareness) sem byggir á landakorti vinnustaðarins

3 Samfélagsleg áhrif vöruframboðs

3.2 Aukning á framboði á vörum sem bæta lýðheilsu landsmanna	Greina hlutfall seldra heilsusamlegra vara Greina hlutfall seldra vara með vottun um hollustu Kynna fyrir viðskiptavinum framboð heilsusamlegra vara Hlutfallsleg aukning á framboði milli ára
3.3 Aukning á framboði á vottuðum og lífrænum vörum	Greina hlutfall seldra vara með umhverfisvottun Greina hlutfall seldra vara með lífræna vottun Kynna fyrir viðskiptavinum framboð vottaðra og lífrænna vara Hlutfallsleg aukning á framboði milli ára
3.4 Aukning á framboði á vörum sem skapa virði í íslensku samfélagi	Magn seldra vara frá íslenskum frumkvöðlum Magn seldra vara með þjónustu frá vernduðum vinnustöðum Kynna fyrir viðskiptavinum vöruframboð
3.5 Fræðsla til neytenda um sjálfbærar og heilsusamlegar vörur	Sameiginleg markaðsátök og fræðsla með viðskiptavinum

10 AUKINN JÖFNUBUR



Við styðjum við **heimsmarkmið 10** um aukinn jöfnuð á eftirfarandi hátt:

Félagslegir þættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
2 Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað	
2.2 Mannauðsstefna sem stuðlar að heilsusamlegri og jákvæðri vinnustaðameningu	Mannauðsstefna endurskoðuð m.t.t. fjölbreytni á vinnustaðnum
2.3 Tryggð séu sömu laun fyrir sömu störf	Jafnlaunavottun sé viðhaldið og niðurstaðan úttektar kynnt fyrir starfsmönnum Útkoma úr launagreiningu sé <2%
2.4 Byggja upp fjölbreyttan vinnustað þar sem er pláss fyrir alla	Uppfærum "Landakort Aðfanga" Fræðsla um menningarheima (cultural awareness) sem byggir á landakorti vinnustaðarins

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



Við styðjum við **heimsmarkmið 12** um ábyrga neyslu og framleiðslu á eftirfarandi hátt:

Umhverfispættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
1 Draga úr vöru- og matarsóun í virðiskeðjunni	
1.1 Kortleggja núverandi matarsóun í virðiskeðjunni	Mæld vöru- og matarsóun í rekstri Greina vöru- og matarsóun hjá öllum stærstu birgjum Greina vöru- og matarsóun hjá öllum stærstu viðskiptavinum
1.2 Draga úr vöru- og matarsóun með markvissum hætti	Ná vörusóun (hent) niður um 75% Stefna og uppfærðir verkferlar til að draga úr matarsóun Fjöldi samtala við birgja Fjöldi samtala við viðskiptavini
1.3 Koma í veg fyrir vöru- og matarsóun með samstarfi	Lækka hlutfall óseljanlegra vara og afskurðar um 15% per ár með því að koma í áframhaldandi notkun.
1.4 Besta umbúðir m.t.t. líftíma vara, endurnýtanleika o.fl.	Greina umbúðir m.t.t. matarsóunar og efnisnotkunar Fjöldi samtala við viðskiptavini, birgja og móttökuaðila umbúða um umbúðalausnir Hlutfall endurnýtttra umbúða (til viðskiptavina eða annarra aðila) Merking á umbúðir til neytenda um hvernig á að flokka (merkingar FENÚR)
2 Draga úr úrgangi frá rekstri	
2.1 Gera greiningu á sorpi og söfnun þess	Greina verklag um hvernig sormálum er háttáð
2.2 Draga úr umbúðanotkun með markvissum hætti	Greining á umbúðanotkun og breyting á verklagi X% lækun á umbúðum sem er hent (plast vs. pappír)
2.3 Heildræn stefna í úrgangsmálum	Stefna í úrgangsmálum
2.4 Flokka a.m.k. 80% af sorpi frá rekstri	Hlutfall flokkaðs sorps

Félagslegir þættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
3 Samfélagsleg áhrif vöruframboðs	
3.1 Til staðar sé innkaupastefna sem tekur mið af sjálfbærni	Innkaupastefna með áherslu á sjálfbærni

Stjórnarhættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
1 Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	
1.1 Þróa og birta metnaðarfullar siðareglur fyrir birgja og þjónustuaðila	Birgjamat sem byggir á UFS viðmiðum Hlutfall stærstu birgja sem hafa staðfest
1.2 Siðareglurnar eru leiðarljós í allri vinnu og samskiptum	Fylgja siðareglum Haga Fræðsla um siðareglur Hlutfall starfsfólks sem skrifar undir Starfsmönnum óheimilt að þiggja persónulegar gjafir frá birgjum og þjónustuaðilum nema með samþykki yfirmanns
1.4 Gefa út metnaðarfulla sjálfbærnisráðgjafur sem tekur á helstu UFS þáttum	Sjálfbærnisráðgjafur
1.5 Siðareglur um vernd uppljóstrara	Fylgja reglum Haga um vernd uppljóstrara
2 Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga	
2.1 Til staðar sé persónuverndarstefna	Útgefin ný/uppfærð persónuverndarstefna
2.2 Markvist sé unnið með ákvæði persónuverndarlaga	Vinnsluskra uppfærð Vinnuferill útbúinn sem uppfyllir kröfu persónuverndarlaga
2.3 Uppfylla skilyrði úttektar vegna persónuverndarlaga	Verkferlar þannig að staða á innleiðingu persónuverndarlaga uppfylli ávallt stöðuúttekt utanaðkomandi aðila



Við styðjum við **heimsmarkmið 13** um aðgerðir í loftslagsmálum á eftirfarandi hátt:

Umhverfispættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
3 Losun gróðurhúsalofttegunda	
3.1 Finna grunnspor m.v. núverandi rekstur	Uppfæra losunarpætti í grunnspori
3.2 Setja loftslagsstefnu m.t.t. allra losunarpátta	Heildar % lækkun og % lækkun hvers þáttar
3.3 Notast við ábyrga kolefnisjöfnun	Kaupa vottaðar kolefniseiningar ásamt því að styðja við íslenska aðila í kolefniseiningaferlinu
3.4 Nákvæmari mæling á umfangi 3	Endurskoða umfang 1 og 2 Umfang 3, frásteymi (e. Downstream) Umfang 3, aðstreymi (e. Upstream)

Stjórnarhættir

Heiti markmiðs	Heiti verkefnis
1 Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	
1.4 Gefa út metnaðarfulla sjálfbæriskýrslu sem tekur á helstu UFS þáttum	Sjálfbæriskýrsla

Umhverfispættir

	Heiti markmiðs	Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Tími
1	Draga úr vöru- og matarsóun í virðisikeðjunni				
1.1	Kortleggja núverandi matarsóun í virðisikeðjunni	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Mæld vöru- og matarsóun í rekstri Greina vöru- og matarsóun hjá öllum stærstu birgjum Greina vöru- og matarsóun hjá öllum stærstu viðskiptavinum	2022 2023 2023
1.2	Draga úr vöru- og matarsóun með markvissum hætti	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Ná vörusóun (hent) niður um 75% Stefna og uppfærðir verkferlar til að draga úr matarsóun Fjöldi samtala við birgja Fjöldi samtala við viðskiptavini	2025 2022 Árlega Árlega
1.3	Koma í veg fyrir vöru- og matarsóun með samstarfi	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Lækka hlutfall óseljanlegra vara og afskurðar um 15% per ár með því að koma í áframhaldandi notkun	Árlega
1.4	Besta umbúðir m.t.t. líftíma vara, endurnýtanleika o.fl.	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Greina umbúðir m.t.t. matarsóunar og efnisnotkunar Fjöldi samtala við viðskiptavini, birgja og móttökuaðila umbúða um umbúðalausnir Hlutfall endurnýtttra umbúða (til viðskiptavina eða annarra aðila) Merking á umbúðir til neytenda um hvernig á að flokka (merkingar FENÚR)	2023 2023 2023 2023
2	Draga úr úrgangi frá rekstri				
2.1	Gera greiningu á sorpi og söfnun þess	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Greina verklag um hvernig sorpmálum er háttað	2022
2.2	Draga úr umbúðanotkun með markvissum hætti	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Greining á umbúðanotkun og breyting á verklagi X% lækkun á umbúðum sem er hent (plast vs. pappír)	2022 2023
2.3	Heildræn stefna í úrgangsmálum	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Stefna í úrgangsmálum	2022
2.4	Flokka a.m.k. 80% af sorpi frá rekstri	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Umhverfi	Hlutfall flokkaðs sorps	Árlega
3	Losun gróðurhúsalofttegunda				
3.1	Finna grunnspor m.v. núverandi rekstur	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Uppfæra losunarþætti í grunnspori	2022
3.2	Setja loftslagsstefnu m.t.t. allra losunarþátta	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Heildar % lækkun og % lækkun hvers þáttar	2022
3.3	Notast við ábyrga kolefnisjöfnun	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Kaupa vottaðar kolefniseiningar ásamt því að styðja við íslenska aðila í kolefniseiningaferlinu	2023
3.4	Nákvæmari mæling á umfangi 3	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Umhverfi	Endurskoða umfang 1 og 2 Umfang 3, frásteymi (e. Downstream) Umfang 3, aðsteymi (e. Upstream)	2022 2023 2025

Taflan sýnir hvernig sjálfbærniverkefnið okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.



Félagslegir þættir

Heiti markmiðs	Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Tími	
1 Heilsa og öryggi á vinnustað					
1.1	Aðstaða starfsmanna sé örugg og standist úttektir	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Öryggishandbækur endurskoðaðar Áhættumat endurskoðað Úttekt á vinnuumhverfi og öryggismálum Atvikaskráning	Árlega Árlega Árlega Árlega
1.2	Lágmarka líkur á slysum á vinnustað	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Nýliðafræðsla Endurmenntun í öryggismálum Slysaskráning rýnd af stjórnendum	Árlega Árlega 2x á ári
1.3	Heilsueflandi vinnustaður	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Heilsueflandi fræðsla í samstarfi við heilbrigðisþjónustu (Heilsuvernd) Heilsufarsskoðanir, niðurstöður sem snúa að vinnuumhverfi rýndar til gagns Sjúkraþjálfari sem leiðbeinir starfsmönnum með rétta líkamsstöðu við sín störf Bjóða upp á flensusprautu Heilsueflandi styrkur fyrir starfsfólk sem hefur starfað a.m.k. 3 mánuði Tvær meðferðir í velferðarþjónustu Heilsuverndar (5 skipti per meðferð)	Árlega 2ja ára fresti 2ja ára fresti Árlega Árlega
2 Jafnrétti og fjölbreytni á vinnustað					
2.1	Kynferðisleg áreitni, einelti og fordómar eru ekki liðin	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Fræðsla sem hluti af endurmenntun og nýliðaþjálfun Stjórnendur kynna stefnuna fyrir starfsmönnum Nafnlaust tilkynningarferli	Árlega Árlega 2022
2.2	Mannauðsstefna sem stuðlar að heilsusamlegri og jákvæðri vinnustaðamenningu	3 – Heilsa og vellíðan 10 – Aukinn jöfnuður	Starfsmannamál	Mannauðsstefna endurskoðuð m.t.t. fjölbreytni á vinnustaðnum	2023
2.3	Tryggð séu sömu laun fyrir sömu störf	10 – Aukinn jöfnuður	Starfsmannamál	Jafnlaunavottun sé viðhaldið og niðurstaðan úttektar kynnt fyrir starfsmönnum Útkoma úr launagreiningu sé <2%	Árlega Árlega
2.4	Byggja upp fjölbreyttan vinnustað þar sem er pláss fyrir alla	3 – Heilsa og vellíðan 10 – Aukinn jöfnuður	Starfsmannamál	Uppfærum "Landakort Aðfanga" Fræðsla um menningarheima (cultural awareness) sem byggir á landakorti vinnustaðarins	Mánaðarlega Árlega



Taflan sýnir hvernig sjálfbærniverkefnið okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Félagslegir þættir

Heiti markmiðs	Heimsmarkmið Sp	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Tími
3 Samfélagsleg áhrif vöruframboðs				
3.1 Til staðar sé innkaupastefna sem tekur mið af sjálfbærni	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Starfsmannamál	Innkaupastefna með áherslu á sjálfbærni	2023
3.2 a) Aukning á framboði á vörum sem bæta lýðheilsu landsmanna	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Greina hlutfall seldra heilsusamlegra vara Greina hlutfall seldra vara með vottun um hollustu Kynna fyrir viðskiptavinum framboð heilsusamlegra vara Hlutfallsleg aukning á framboði milli ára	2023 2023 2x á ári Árlega
3.3 Aukning á framboði á vottuðum og lífrænum vörum	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Greina hlutfall seldra vara með umhverfsvottun Greina hlutfall seldra vara með lífræna vottun Kynna fyrir viðskiptavinum framboð vottaðra og lífræna vara Hlutfallsleg aukning á framboði milli ára	2023 2023 2x á ári Árlega
3.4 Aukning á framboði á vörum sem skapa virði í íslensku samfélagi	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Magn seldra vara frá íslenskum frumkvöðlum Magn seldra vara með þjónustu frá vernduðum vinnustöðum Kynna fyrir viðskiptavinum vöruframboð	Árlega Árlega Árlega
3.5 Fræðsla til neytenda um sjálfbærar og heilsusamlegar vörur	3 – Heilsa og vellíðan	Starfsmannamál	Sameiginleg markaðsátök og fræðsla með viðskiptavinum	Árlega



Taflan sýnir hvernig sjálfbærni-verkefnið okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Stjórnarhættir

	Heiti markmiðs	Heimsmarkmið SP	Tenging við stefnu Haga	Heiti verkefnis	Tími
1	Siðferði og aðgerðir gegn spillingu				
1.1	Þróa og birta metnaðarfullar siðareglur fyrir birgja og þjónustuaðila	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Birgjamat sem byggir á UFS viðmiðum Hlutfall stærstu birgja sem hafa staðfest	2023 2023
1.2	Siðareglurnar eru leiðarljós í allri vinnu og samskiptum	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Fylgja siðareglum Haga Fræðsla um siðareglur Hlutfall starfsfólks sem skrifar undir Starfsmönnum óheimilt að þiggja persónulegar gjafir frá birgjum og þjónustuaðilum nema með samþykki yfirmanns	Árlega Árlega Árlega 2023
1.3	Setja sjálfbærni og loftslagsmál sem dagskrárlið inn í fundarskóp stjórnenda Aðfanga	13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Stjórnarhættir	Endurskoðun stjórnarháttá	2022
1.4	Gefa út metnaðarfulla sjálfbærniskýrslu sem tekur á helstu UFS þáttum	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla 13 - Aðgerðir í loftlagsmálum	Stjórnarhættir	Sjálfbærniskýrsla	Árlega
1.5	Siðareglur um vernd uppljóstrara	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Fylgja reglum Haga um vernd uppljóstrara	Árlega
2	Tryggja öryggi gagna- og persónuupplýsinga				
2.1	Til staðar sé persónuverndarstefna	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Útgefin ný/uppfærð persónuverndarstefna	2022
2.2	Markvist sé unnið með ákvæði persónuverndarlaga	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Vinnsluskrá uppfærð Vinnuferill útbúinn sem uppfyllir kröfu persónuverndalaga	Árlega Árlega
2.3	Uppfylla skilyrði úttektar vegna persónuverndarlaga	12 - Ábyrg neysla og framleiðsla	Stjórnarhættir	Verkferlar þannig að staða á innleiðingu persónuverndarlaga uppfylli ávallt stöðuúttekt utanaðkomandi aðila	2023



Taflan sýnir hvernig sjálfbærniverkefnið okkar tengjast stefnu móðurfélagsins Haga og Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Skýrsla framkvæmdastjóra

Í fyrsta sinn í sögu Aðfanga var á árinu 2022 vörum dreift til viðskiptavina á rafdrifinni sendibifreið. Um merk tímamót er að ræða og spennandi að sjá hvert framtíðin leiðir okkur á þessu sviði. Á árinu var einnig fólksbifreið knúinni með jarðefnaeldsneyti skipt út fyrir rafmagnsbíl. Samsetning efnavara í vöruvali Aðfanga, bæði hvað varðar eiginleika efna og umbúðarstærðir, hefur breyst þó nokkuð á síðustu misserum. Það kallar á aukna þekkingu starfsmanna og staðbundinn spillivarnarbúnað svo brugðist sé strax rétt við og af fagmennsku. Kennsla fór fram um hættuleg efni á árinu og keyptur spillivarnarbúnaður, en eftir sem áður treystum við á opinbera viðbragðsaðila ef til koma stærri óhöpp tengd efnavörum. Haldið var áfram að skipta út sýrurafgeymum fyrir lithium- og gel-geyma í tækjum vöruhúsa fyrirtækisins. Síðast en ekki síst ber að nefna í þessari stuttu samantekt að með aðstoð frá ráðgjafafyrirtækinu Ernst & Young var á árinu lagður grunnur að markvissara starfi á sviði umhverfis- og sjálfbærnimála. Sjálfbærnistefna leit dagsins ljós auk mælikvarða og fleiri tóla fyrir stjórnendur og starfsfólk.

Sjálfbærniuppgjör Aðfanga vegna ársins 2022 er gert í samræmi við UFS leiðbeiningar sem Nasdaq á Íslandi og Norðurlöndunum gáfu út á árinu 2019. Leiðbeiningarnar eru byggðar á leiðbeiningum sem settar voru fram árið 2015 af Sameinuðu þjóðunum, samtökum um sjálfbærar kauphallir (Sustainable Stock Exchange Initiative) og vinnuhópi hjá Alþjóðasamtökum kauphalla (World Federation of Exchange). Einnig er vísað í tilheyrandi viðmið GRI Standard (e. Global Reporting Initiative, GRI 100-400) og meginviðmið) og alþjóðlegar yfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna (The Ten Principles of the UN Global Compact).

Aðföng notar stafræna tækni frá fyrirtækinu Klappir grænar lausnir hf. til að tryggja rekjanleika, gagnsæi og skilvirkni við söfnun gagna, úrvinnslu og miðlun upplýsinga sem tengjast sjálfbærni félagsins.

Framkvæmdastjóri staðfesta hér með sjálfbærniuppgjör félagsins fyrir tímabilið 1. janúar 2022 til 31. desember 2022 með undirritun sinni.



Lárus Óskarsson
Framkvæmdastjóri

Losun gróðurhúsalofttegunda	Eining	2022	2021	2020	2019
Kolefnisspor án mótvægisáðgerða	tCO ₂ í	394,0	446,0	484,0	471,0
Samtals mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í	288,0	440,0	484,0	301,0
þar af staðfestar kolefniseiningar	tCO ₂ í	288,0			
þar af óstaðfestar mótvægisáðgerðir	tCO ₂ í		440,0	484,0	301,0
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	tCO ₂ í	107,0	0,0	0,0	0,0

Orkunotkun	Eining	2022	2021	2020	2019
Heildarorkunotkun	kWst	6.991.737	6.889.586	6.365.887	5.709.582
þar af orka frá jarðefnaeldsneyti	kWst	907.215	920.486	1.030.353	998.110
þar af orka frá rafmagni	kWst	2.818.709	2.716.327	2.397.536	2.326.438
þar af orka frá heitu vatni	kWst	3.265.814	3.252.773	2.937.998	2.385.034

Samsetning orku	Eining	2022	2021	2020	2019
Jarðefnaeldsneyti	%	13,0%	13,4%	16,2%	17,5%
Endurnýjanleg orka	%	87,0%	86,6%	83,8%	82,5%

Meðhöndlun úrgangs	Eining	2022	2021	2020	2019
Samtals úrgangur	kg	404.347	450.313	478.145	481.004
þar af flokkaður úrgangur	kg	330.696	343.053	334.063	329.776
þar af óflokkaður úrgangur	kg	73.651	107.260	144.082	151.228
Endurinnið / endurheimt	kg	315.695	175.317	160.800	145.052
Urðun / förgun	kg	88.652	274.996	317.345	335.952
Hlutfall flokkaðs úrgangs	%	81,8%	76,2%	69,9%	68,6%
Hlutfall endurunnins úrgangs	%	78,1%	38,9%	33,6%	30,2%

Kolefnisuppgjör

Losun Aðfanga nam 394 tonnum koltvísýringsígilda. Losun í umfangi 1 og 2 nam samtals 287 tCO₂í.

Mótvægisáðgerðir með kolefnisbindingu fyrir árið 2022 koma til framkvæmda á árinu 2023 í gegnum Haga, móðurfélag Aðfanga. Hagar hafa fyrir hönd Aðfanga gert samning um kaup á vottuðum kolefniseiningum í bið sem jafngilda losun úr umfangi 1 og 2 á árinu 2022. Þessar vottuðu kolefniseiningar eru keyptar af Yggdrasil Carbon ehf. og hafa þær hlotið stranga gæðavottun skv. Skógarkolefnisstaðli Skógræktarinnar. Kolefniseiningarnar eru úr verkefninu Arnaldsstaðir, útgefnum árið 2022 og sem munu raungerast frá árinu 2032 til ársins 2072, en kolefniseiningar í bið verða nýttar til kolefnisjöfnunar þegar þær hafa raungerst.

Orkunotkun

Heildarorkunotkun Aðfanga nam 6.991.737 kWh. Orkunotkun samanstendur af rafmagns-, heitavatns- og eldsneytisnotkun.

Óbein orkunotkun vegna rafmagns og heitavatnsnotkunar nam 6.084.523 kWh.

Taflan sýnir ójárhagslegar upplýsingar um umhverfisleg og samfélagsleg áhrif starfseminnar. Upplýsingar eru fengnar úr ESG-skýrslu sem unnin var í samstarfi við Klappir grænar lausnir hf vegna ársins 2022.

Úrgangur

Stóran hluta samdráttar í losun Aðfanga má rekja til árangurs á sviði úrgangsmála:

- Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda frá rekstrarúrgangi nam 38,9 % á tímabilinu 2019 – 2022
- Heildarþyngd úrgangs frá rekstri Aðfanga nam 404.347 kg, sem er 15,9 % lækkun frá grunnári.
- Magn úrgangs til urðunar lækkaði um 73,6 % á milli árána 2019 og 2022. Árið 2019 fóru 335.952 kg í urðun en 88.652 kg árið 2022.
- Flokkunarhlutfall Aðfanga var 81,8 % árið 2022, samanborið við 68,6 % árið 2019.

Helstu losunarþættir

Stærsti losunarþáttur Aðfanga, af þeim þáttum sem teknir voru saman, árið 2022, var losun vegna eldsneytisnotkunar farartækja.

Losun vegna eldsneytisnotkunar nam 229 tCO₂í.

Eldsneytisnotkun Aðfanga hefur lækkað um 9% frá grunnári, úr 83.819 kg í 76.240 kg.

Í þessari fyrstu samfélagsskýrslu Aðfanga koma saman á einum stað áherslur fyrirtækisins þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð. Það þarf að mörgu að hyggja í fyrirtækjarekstri ef skapa á verðmæti fyrir bæði eigendur og samfélagið án þess að ganga á náttúruauðlindir.

Starfsemi Aðfanga byggir á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og við viljum leggja okkar að mörkum til að heimsmarkmiðin náist fyrir árið 2030. Eftir viðamikla vinnu í byrjun árs með ráðgjafafyrirtækinu Ernst & Young í stefnumótun sjálfbærnimála komum við í framhaldinu til með að leggja sérstaka áherslu á fjögur markmið þar sem við teljum að við getum lagt mest til; Heilsa og vellíðan, Aukinn jöfnuður, Ábyrg neysla og framleiðsla, Aðgerðir í loftslagsmálum.



Markmið 3

Heilsa og vellíðan



Markmið 12

Ábyrg neysla og framleiðsla



Markmið 10

Aukinn jöfnuður




Markmið 13

Aðgerðir í loftslagsmálum

Við lítum á þetta sem fyrsta skrefið í langri vegferð í að gera Aðföng að betra fyrirtæki, þar sem við leitumst við að lágmarka úrgang og sóun, skapa heilbrigt starfsumhverfi, hafa góð áhrif á samfélagið og sýna ábyrga stjórnarhætti.

Á heimsvísu þurfa allir að leggja sitt að mörkum til að mögulegt verði að ná heimsmarkmiðunum fyrir árið 2030. Ef það á að takast þarf þessi áratugur að vera áratugur aðgerða í loftslagsmálum.

Þrátt fyrir stórar áskoranir á síðustu árum, eins og verðsveiflur á vörum, Kórónuveirufaraldur og stríð í Úkraínu, þá hefur vinna okkar við umhverfis- og samfélagsmál gengið vel en við vitum að sífellt má gera betur. Við horfum því fram á veginn full bjartsýni og áráðni, ákveðin í að vinna áfram í átt að aukinni sjálfbærni.



A ð F Ö N G

SAMFÉLAGSSKÝRSLA 2022